



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

BLÖNDUVIRKJUN
JARÐFRÆÐIRANNSÓKNIR 1982
STÍFLUSVÆÐI OG SKURÐLEIÐIR
Ágúst Guðmundsson

VIÐAUKI: AURBURÐUR Í BLÖNDU
Snorri Zóphónfasson

OS-83017/VOD-10 B

Mars 1983



ORKUSTOFNUN
GRENSÁSVEGI 9. 108 REYKJAVÍK

SKILAGREIN

**BLÖNDUVIRKJUN
JARÐFRÆÐIRANNSÓKNIR 1982
STÍFLUSVÆÐI OG SKURÐLEIÐIR**
Ágúst Guðmundsson

VIÐAUKI: AURBURÐUR Í BLÖNDU
Snorri Zóphóníasson

OS-83017/VOD-10 B

Mars 1983

Dags.

1983-03-24

Dags.

Tilv. vor

VOD/ 330/631/34-83

Tilv. yðar


...
Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68
...
108 Reykjavík

Meðfylgjandi skilagrein um rannsóknir vegna fyrirhugaðrar Blönduvirkjunar er unnin fyrir Rafmagnsveitur Ríkisins og Landsvirkjun samkvæmt verk-
samningi undirrituðum af Rafmagnsveitum Ríkisins sem verkkaupa og Orku-
stofnun sem verksala hinn 17. ágúst 1982. Landsvirkjun tók við sem verk-
kaupi í október 1982 er samningur þar að lútandi tók gildi á milli
Ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar.

Í þessari skilagrein eru raktar rannsóknir Orkustofnunar sumarið 1982 á
væntanlegum stífluaðgerðum og skurðleiðum fyrirhugaðrar Blönduvirkjunar.
Rannsóknirnar fólust að mestu leyti í jarðborunum sem miðuðu að því að
kanna jarðlög á skurðleiðum og stíflustæðum. Lýst er jarðfræðilegum að-
stæðum á fyrrgreindum stöðum og er það sem hér er mitað, aðallega viðbót
við það sem áður hefur verið birt í skýrslu Orkustofnunar: Blönduvirkjun,
jarðfræðirannsóknir I, almenn jarðfræði og mannvirkjajarðfræði sem gefin
var út í september 1982. Þá fylgir með tafla yfir staðsetningar allra
kjarnahola sem boraðar hafa verið vegna Blönduvirkjunar og einnig tafla
yfir jarðvatnsmælingar í þessum holum.

Í viðauka með þessari skilagrein ritar Snorri Zóphóniasson um aurburð
og aurburðarmælingar í Blöndu fram til ársins 1980.

Virðingarfyllst,



Haukur Tómasson



Agúst Guðmundsson

EFNISYFIRLIT

	Bls.
1 INNGANGUR.....	7
2 STÍFLUSTÆDI VIÐ GILSÁ (INNEAKSLÓM).....	16
3 SKURÐLEIÐ FRÁ INNEAKSLÓMI AÐ INNEAKI Á EIDSSTAÐABUNGU.....	16
4 SKURÐLEIÐ Á HILLI AUSTARA-FRÍÐHUNDARVATNS OG ELDJÁRNSSTAÐAFLÁR.....	18
5 SÉRSTAKUR VIRKJUHARKOSTUR Á VEITULEIÐ Á HILLI AUSTARA-FRÍÐHUNDARVATNS OG ELDJÁRNSSTAÐAFLÁR.....	27
6 STÍFLUSTÆDI VIÐ SMALATJÖRN OG SKURÐLEIÐ FRÁ SMALATJÖRN AÐ AUSTARA-FRÍÐHUNDARVATNI.....	28
7 STÍFLUSTÆDI VIÐ KOLKUHÓL.....	34
8 STÍFLUSTÆDI VIÐ REFTJARNABUNGU.....	40
8.1 Botnrásargöng í Reftjarnabungu, austan Blöndu.....	40
8.2 Botnrásarskurður og bergþétting á vesturbakka Blöndu.....	45
8.3 Sprungumælingar í jökulbergi við Sandá.....	46
TÖFLUR.....	53
HEIHILDASKRÁ.....	56
VIÐAUKI: AURBURÐUR Í BLÖNDU.....	57

TÖFLUSKRÁ

1 Kjarnaholur við Blöndu. Staðsetning, hæð og dýpi.....	53
2 Loftborsholur 1982. Staðsetning, hæð og dýpi.....	54
3 Grunnvatnsmælingar í borholun.....	55

MYNDASKRÁ

Bls.

1	Blönduvirkjun. Yfirlitskort yfir rannsóknarsvæði og þverskurðarmyndir.....	9
2	Stíflustæði við Gilsá og skurðleið að inntaki. Staðsetningakort. Reitur 3.7.....	11
3	Stíflustæði við Gilsá og skurðleið að inntaki, þversnið og langsníð jarðlaga. A-A' og A -A'	13
4	Skurðleið á milli Austara-Friðmundarvatns og Eldjárnsstað aflár, nyrsti hluti. Staðsetningakort. Reitur 3.8...	19
5	Skurðleið á milli Austara-Friðmundarvatns og Eldjárnsstað aflár, mið hluti. Staðsetningakort. Reitur 3.9.....	21
6	Skurðleið á milli Austara-Friðmundarvatns og Eldjárnsstað aflár, syðsti hluti. Staðsetningakort. Reitur 3.10..	23
7	Skurðleið á milli Austara-Friðmundarvatns og Eldjárnsstað aflár. Langsníð jarðlaga V-V.....	25
8	Sérstakur virkjunarkostur á milli Austara-Friðmundarvatns og Eldjárnsstað aflár. Langsníð jarðlaga Ö-Ö.....	29
9	Stíflustæði við Smalatjörn og skurðleið að Austara-Friðmundarvatni. Staðsetningakort. Reitur 3.12..	31
10	Skurðleið frá Smalatjörn að Austara-Friðmundarvatni. Langsníð K-K.....	33
11	Stíflustæði við Kolkuhól. Staðsetningakort. Reitur 3.26.	35
12	Stíflustæði við Kolkuhól og skurðleið að Þrístiklu. Þversnið og langsníð jarðlaga M-M og N-N.....	39
13	Stíflustæði við Reftjarnabungu. Staðsetningakort. Reitur 3.28.....	41
14	Stíflustæði við Reftjarnabungu. Þversnið og langsníð jarðlaga. R-R.....	43
15	Borholusnið, kjarnaholur BV-23, BV-23A og BV-25.....	47
16	Borholusnið, kjarnaholur BV-28, BV-29, BV-30 og BV-31...	48
17	Borholusnið, kjarnaholur LÉ-1 til LÉ-6.....	49
18	Borholusnið, loftborsholur LV-34 til LV-42.....	50
19	Borholusnið, iðsmygilsholur (Loftborsholur) SK-1 til SK-6.....	51
20	Borholusnið, höggsmygilsholur (Borróholur) SB-1 til SB-7.....	52

1 INNGANGUR

Í þessari skilagrein er fjallað um þær rannsóknir sem Orkustofnun gerði á stíflustæðum og skurðleiðum fyrirhugaðrar Blönduvirkjunar sumarið 1982. Þessar rannsóknir eru eingöngu viðbætur við fyrri rannsóknir og hvergi var unnið utan áður rannsakaðra svæða, en þeim hefur verið lýst í skýrslu Orkustofnunar frá í sept. 1982: "Blönduvirkjun Jarðfræðirannsóknir I. Almenn jarðfræði og mannvirkjajarðfræði", OS82090/VOD14.

Unnið var á stíflustæðum og skurðleiðum, frá inntaki á Eiðsstaðabungu, að stíflum við miðlunarlón. Á mynd 1 er yfirlitskort yfir stíflustæðin og skurðleiðirnar, sama mynd og notuð var í skýrslu OS82090/VOD14 og í þessari skilagrein er notað sama reitanúmer fyrir einstök stíflustæði og skurðleiðir og notað var í fyrri skýrslu enda þótt að ekki séu allir reitirnir teknir til umfjöllunar hér. Í sumum tilfellum tókst að fella rannsóknir sumarsins 1982 inn í fyrrnefnda skýrslu og verður þá aðeins drepið lauslega á þær hér og ekki endurteiknaðar skýringarmyndir af jarðlögum á þeim svæðum.

Víða á virkjunarsvæðinu var ýtt og rippað í jökulruðning, til þess að kanna vinnsluhæfni og efnisgæði. Á innheiðinni, í grennd við miðlunarlónið voru auk þess grafnar gryfjur með beltagröfu til efniskönnunar en ekki verður vikið nánar að því hér.

Á stíflustæði við Reftjarnarungu var gert grautunarpróf og er vinnsluhæfni jarðlaga og grautunarprófi gerð skil í greinargerðum frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

Sumarið 1982 fóru fram umfangsmiklar kjarnaboranir vegna fyrirhugaðra neðanjarðarmannvirkja í landi Eiðsstaða og er vísað í skilagrein Orkustofnunar: "Blönduvirkjun. Berggrunnsrannsóknir 1982", OS82121/VOD55 B, varðandi niðurstöður þeirra rannsókna.

Landmælingar vegna rannsóknanna voru gerðar sumarið 1982 og er staðsetningar (hnit og hæðir) einstakra athuganastaða að finna í skýrslu Orkustofnunar: "Landmælingar vegna jarðfræðirannsókna við Blöndu 1982", OS82120/VOD54 B.

2 STÍFLUSTÆÐI VIÐ GILSÁ, (INNTAKSLÓN)

Á stíflustæði við Gilsá voru til viðbótar þeim rannsóknnum, sem áður voru gerðar á svæðinu, boraðar 3 kjarnaholur, LÉ-1 til LÉ-3, og eru holurnar felldar inn í snið A-A' á mynd 3. Borholusnið holanna eru á mynd 14. Staðsetningar, hæð og dýpi holanna er í töflu 1 og á mynd 2.


Kjarnahola LÉ-2 er á væntanlegu yfirfalli, vestast á stíflustæðinu um 25 m austan við holu CA-14. Á þessum stað eru laus jarðlög 2 m þykk og undir þeim tekur við þétt dýlabasalt niður í holubotn á 22 m dýpi. Lektarmælingar í holunni tókust ekki sem skyldi en bentu þó til mjög lítils leka en eftir borun seig jarðvatn niður á 10 m dýpi. (Sjá borholusnið LÉ-2 á mynd 14).

Kjarnahola LÉ-1 er í 388 m hæð á austurbakka Gilsár. Holan var að öllu leyti boruð í gegnum jökulberg niður á botn á 33 m dýpi. Þetta bendir til þess að einhverntíma hafi verið miklu dýpra gil heldur en við sjáum nú við Gilsá á þessum stað og hafi það gil síðan fyllst af jökulruðningi. Sjá snið A-A' á mynd 3. Í efri hluta og miðhluta holunnar mældist lektin vera 30-45 LU. (Sjá borholusnið LÉ-1 á mynd 14).

Kjarnahola LÉ-3 er boruð nálægt þeim stað sem áætlað er að skurðurinn frá inntakslóninu skeri stíflustæðið. Frá yfirborði niður á 6 m dýpi er jökulruðningur en síðan er komið í vel harðnað jökulberg sem nær niður á 20 m dýpi. Í botni holunnar var borað í dýlabasalt síðasta hálfu metrann. Lektarprófanir í holunni mistókust. Jarðvatn stóð á 13 m dýpi við lok borunar.

Á austurenda stíflustæðisins var boruð ein loftborshola, LV-35 við hæl A-32-A og er snið holunnar sýnt á mynd 15. Þarna virðist vera 3 m þykkt basaltlag á 5-8 m dýpi en að öðru leyti var holan líklega öll boruð í jökulberg. Jarðvatnsyfirborð í holunni eftir borun mældist vera á 5 m dýpi.


Öðrum rannsóknum á stíflustæðinu var lýst í skýrslu OS82090/VOD14 og verður ekki fjallað um þær hér. Á mynd 3 er þversnið A-A' af jarðlögum á stíflustæðinu og er sniðið túlkað á grundvelli viðbótarborananna sem hér er lýst. Á mynd 2 er sýnd staðsetning þversniðsins A-A' og borholanna.



BLÖNDUVIRKJUN


Staðsetningarkort

Snið A-A' og A2-A2' við Gilsá
Kort OS 3654 blað 22





SKÝRINGAR:

- BV-10 Kjarnaborhola
- L-29 Loftborhola
- CA-16 Cobrahola
- A-A-2-B Hljóðhraðamæling
- V-12 Viðnámsmæling



Mynd 2

Reitur 3.7 á mynd 1



SKÝRINGAR:

- Basalt (póleitt)
- Jökulberg
- Dilátt basalt
- Setlög, silt - sandsteinn - völuberg
- Jökulruðningur
- Gjall

- BV-10 Kjarnahola
- LE-4 Kjarnahola
- L og LV Loftborsholur
- E-84 Hijóðhraðamælingar
- $\nabla_{2,4}$ Hijóðhraðaskil
- CB-5 Cobrahola
- Snið beygir
- Jarðvatnsborð

BLÖNDUVIRKJUN

Mynd 3

Ekki hafa rannsóknir sumarsins 1982 breytt neinu sem heitið getur um jarðfræðilega túlkun stíflustæðisins frá því sem birt var í fyrrnefndri skýrslu.

3 SKURÐLEIÐ FRÁ INNTAKSLÓNI AÐ INNTAKI Á EIÐSSTAÐABUNGU

Skurðleiðinni frá inntakslóninu, um vestanverða Eiðsstaðabungu að inntakinu nyrst á bungunni var lýst í skýrslu OS82090/VOD14. Til viðbótar þeim rannsóknum sem þar voru tilgreindar, voru boraðar tvær kjarnaholur LÉ-3 og LÉ-4 á skurðleiðinni sumarið 1982. (Sjá staðsetningar holanna á mynd 2). Á mynd 3 er snið A -A' af skurðleiðinni og eru jarðlög þar endurtúlkuð með hliðsjón af þeim borholum sem hér er getið, auk fyrri rannsókna.

Skurðbotninn verður í 395,5 m hæð og lengd skurðar um 1400 m. Um mestan hluta leiðarinnar verður dýptin frá yfirborði jarðvegs nú, niður í skurðbotn, nálega 20 m.

Kjarnahola LÉ-3 er eins og áður hefur verið sagt, þar sem skurðurinn mun skera stífluna. Holan er liðlega 20 m djúp og var hún boruð í gegnum jökulberg niður á 20 m dýpi þar sem komið var í basalt. Þetta er einmitt á sama dýpi og skurðbotninn mun verða. (Sjá borholusnið LÉ-3 á mynd 14).

Kjarnahola LÉ-4 var boruð norðarlega á skurðleiðinni, í grennd við loftborsholu L-27. Holan er 13 m djúp og eru efstu 6 m jökulberg. Á 6-11 m dýpi er basaltlag og undir því er aftur jökulberg niður í holubotn á tæplega 15 m dýpi. Jarðvatn stendur lágt á þessum stað eða neðan við holubotn á 15 m dýpi. Mikill lekastaður er á 8 m dýpi í holunni og þar tapaðist allt skolvatnið við borun.

Líklega er þunnt basaltlag víðast hvar á skurðleiðinni norðan frá inntaki og suður fyrir loftborsholu L-26 eða e.t.v. á 700-800 m löngum kafla. Yfirleitt virðist lagið vera á 3-10 m dýpi og þykkt þess er nálega 3-5 m. Þetta basaltlag gæti verið gömul hrauntunga sem hefur runnið eftir einhverjum dældum eða farvegum norður heiðina og því er alls óvíst að lagið verði samfelld eftir skurðleiðinni. Út frá upplýsingum úr borholum og gryfjum nyrst á skurðleiðinni og við inntakið má ætla að basaltið sé víðast smástuðlað og jafnvel kubbað (áhrif vatnskælingar) og er líklegt að það efni sem losa þarf úr laginn, verði heppilegt í stoðfyllingu í stíflu inntakslónsins.

Á nokkrum stöðum á skurðleiðinni var borað í jarðlögin með loftbor en túlkun þeirra gagna er vandasöm. Varðandi mæliniðurstöður hljóðhraðamælinga og borunar sem gerð var fyrir árið 1982 vísast til skýrslu OS82090/VOD14 en borholusnið hola frá 1982 eru á myndum 14 og 15, staðsetning holanna er gefin á mynd 2, reitur 3.7.

Helstu breytingar frá fyrri niðurstöðum eru þær að nú liggur fyrir gloppótt vitneskja um þunnt basaltlag, grunnt undir yfirborði, sunnan við inntakið.


4 SKURÐLEIÐ Á MILLI AUSTARA-FRIÐMUNDARVATNS OG ELDJÁRNSSTAÐAFLÁR

Mjög takmarkaðar jarðfræðilegar upplýsingar lágu fyrir um skurðleiðina frá Austara-Friðmundarvatni að Eldjárnsstaðaflá vorið 1982 og voru jarðlagasnið þar eingöngu túlkuð út frá hljóðhraðasniðum og Cobraborunum. Sumarið 1982 voru boraðar 9 loftborsholur og iðsmygilsholur á skurðleiðinni, merktar LV-40, 41 og 42 og SK 1-6, og eru borholusnið holanna á myndum 15 og 16.

Holurnar eru felldar inn í snið V-V, sjá mynd 7, sem er sama snið og notað var á bls. 105 í skýrslu OS82090/VOD14 en breytt með tilkomu loftborsholanna. Holur merktar SK, sem hér eru nefndar iðsmygilsholur eru ekki eiginlegar loftborsholur þar sem borsvarfinu er ekki blásið upp, heldur er því skolað upp. Auk fyrnefðra borana var Borro borað í laus jarðlög á nokkrum stöðum eftir skurðleiðinni. (Holur merktar SB-1 til SB-7). Í töflu 2 eru hnit, hæðir og dýpi holanna frá 1982 (sjá staðsetningar holanna á myndum 4, 5 og 6, reitir 3.8, 3.9 og 3.10).

Eins og sýnt er á langsniði jarðlaga (V-V á mynd 7) er búist við að skurðurinn verði grafinn í jökulruðning og jökulberg, frá Austara-Friðmundarvatni og um 2 km í norður. Þá er búist við 500 m breiðu basalthafti 2,1-2,6 km norðan Austara-Friðmundarvatns, þar sem landið á skurðleiðinni er hæst og skurðurinn jafnframt dýpstur. Um 4,5 km norðan Austara-Friðmundarvatns virðist vera annað basalthaft e.t.v. 100-200 m breitt. Til nánari glöggvunar á jarðlagaskipan skurðleiðarinnar er vísað í snið V-V á mynd 7.

Vinnsluprófun var gerð með ýtu í grennd við hæl CA 144 um 2,5 km norðan Austara-Friðmundarvatns, og er lýsingun á prófuninni að finna í bréfi VST til Landsvirkjunar í des. 1982.




Sjá skýringar á mynd 3.7


Mynd 4
Reitur 3.8.
á mynd 1

ORKUSTOFNUN		
BLÖNDUVIRKJUN		
Staðsetningarkort, snið E-E', F-F', Æ-Æ' og hluti sniða V-V' og Ö-Ö' sunnan Gilsvatns		
Kort OS 3654 blað 20 og 3653 blað 23		
80.06.27.	Ág.G/BAH/GSJ	F. 19753
	B-286	

BLÖNDUVIRKJUN
Staðsetningarkort, snið G-G', H-H' og hluti sniða
Y-Y', P-P', Ö-Ö' og V-V' norðan A-Friðmundarvatns
Kort OS 3653 blað 23



Sjá skýringar á mynd 3.7



A - Friðmundarvatn

Sjá skýringar á mynd 3.7



Mynd 6

Reitur 3.10.
á mynd 1




ORKUSTOFNUN		
BLÖNDUVIRKJUN		
Staðsetningarkort, snið I-I', Y-Y', P-P', V-V', Z-Z' og B-B' við A-Friðm.vatn Kort OS 3653 blöð 12 og 23		
80.06.09.	Ág.G/BAH/GSJ	F. 19720
	B-286	

Sniðið er yfirhækkað 10 X



Litið er vitað um stöðu jarðvatns á skurðleiðinni. Sunnantil er þurr mói á yfirb. Norðantil er mýri á yfirb.



Sjá skýringar á mynd

Sjá staðsetningar á myndum

Mynd 7

ORKUSTOFNUN		
BLÖNDUVIRKJUN		
Langsnið jarðlaga milli A-Friðmundarvatns og Eldjárnsstaðafjár - Skurðleið		
Júni 1980	BAH/Ág.G./Gyða	F-1939I
	B-286	

5 SÉRSTAKUR VIRKJUNARKOSTUR Á VEITULEIÐ Á MILLI
AUSTARA-FRIÐMUNDARVATNS OG ELDJÁRNSSTAÐAFLÁR

Á bls. 81-82 í skýrslu OS82090/VOD14 var rætt um jarðlög utan í bungunni sem er milli Austara-Friðmundarvatns og Gilsvatns en þar er mögulegt að virkja í framtíðinni fallið á milli Austara-Friðmundarvatns og Eldjárnsstaðaflár.

Kjarnahola LÉ-5 var boruð við beygjuna á sniði Ö-Ö, sjá staðsetningu á mynd 5 og langsníð jarðlaga á mynd 8. (Hnit holunnar eru gefin í töflu 1).

Áður en holan var boruð var talið á grundvelli hljóðhraðamælinga, að hæðin, eða a.m.k. austurhluti hennar væri aðallega úr jökulruðningi en borunin leiðdi í ljós að þarna er basalt á tveggja metra dýpi undir yfirborði og eins langt niður og borað var (20 m).

Jarðlagasnið af þessari leið, merkt Ö-Ö á bls. 109 í fyrrnefndri skýrslu er þar með þeim leiðréttingum, sem gerðar voru eftir að kjarnahola LÉ-5 var boruð og ekki hafa orðið neinar breytingar á sniðinu síðan.

6 STÍFLUSTÆÐI VIÐ SMALATJÖRN OG SKURÐLEIÐ FRÁ SMALATJÖRN AÐ AUSTARA-FRIÐMUNDARVATNI

Á stíflustæði við Smalatjörn var boruð ein kjarnahola, LÉ-6, til þess að kanna jarðlagaskipan, þar sem skurðleiðin að Austara-Friðmundarvatni sker stíflustæðið.

Kjarnaholan LÉ-6 er við hæl CA-19 (sjá mynd 9, reitur 3.12) og var hún sett inn í þversnið K-K og L-L á bls. 111 og 115 í skýrslu OS82090/VOD14. Á mynd 10 hér er sýnt langsnið jarðlaga L-L á skurðleiðinni og er það óbreytt frá fyrirnefndri skýrslu.

Kjarnahola LÉ-6 er 21 m djúp og er holutoppurinn í 462,9 m y.s. Efst í holunni er 1 m þykkt laust yfirborðslag en undir er harðnaður jökulruðningur sem nær niður á 5,5 m dýpi. Þar tekur við 2,5 m þykkt basaltlag en undir því er sand- og völuborið jökulberg sem nær niður í holubotn á 21 m dýpi. (Sjá borholusnið LÉ-6 á mynd 14).


Ekki fóru fram miklar lektarmælingar í holunni en algjört skolvatnstap varð á 7 m dýpi. Neðan 15 m dýpis mældist lektin 4 LU. Nákvæm staðsetning holunnar er gefin í töflu 1.

Áformað er að skurðbotninn verði í 456 m y.s., sem svarar til um 7 m dýpis í holunni. Líklega lendir þá botn yfirfallsins í skurðinum í neðri hluta þunna basaltlagsins.

Boraðar voru tvær holur með loftbor norðar á skurðleiðinni að Austara-Friðmundarvatni. Holurnar LV-38 og LV-39 voru teiknaðar inn á snið K-K á bls. 111 í skýrslu OS82090/VOD14 og notaðar þar við túlkun jarðlagasniðsins. Staðsetning holanna er sýnd á mynd 9 og langsnið jarðlaga er á mynd 10.


Snið borholanna er á mynd 15 og þar má sjá að hola LV-38 er um 6 m djúp og er hún öll boruð í jökulberg en það merkir að skurðurinn verður að öllu leyti í jökulbergi á þessum stað.

L-39 er 8 m djúp og fer hún í gegnum jökulruðning og kemur í basalt á 6 m dýpi. Líklegt er talið að mestallur skurðurinn frá Smalatjörn að Austara-Friðmundarvatni verði grafinn í jökulruðning og jökulberg en sunnan við LV-39 getur skurðbotninn náð niður í basalt.



Þversnið jarðlaga austan A-Friðmundarvatns Stíflustæði

Ath. Hæð yfirborðs ónákvæm á bilinu 0-1000m



Þversnið jarðlaga suðaustan Gilsvatns Veituleið, sérstakur virkjunarkostur


Sjá skýringar á mynd 3
Sjá staðsetningar á reitum 3.8, 3.9 og 3.10

Mynd 8

ORKUSTOFNUN		
BLÖNDUVIRKJUN		
Þversnið jarðlaga austan og norðan A-Friðmundarv. Stíflustæði - Veituleið		
Júní 1980	BAH/Ág.G./Gyða	F-19385
	B-286	

Malarnáma í farvegi Fannlækjar

- CA-108
- CA-81
- CA-80
- CA-107




SMALATJÖRN

Mjóavatnsbunga

Mynd 9



Reitur 3.12
á mynd 1



Sjá skýringar á mynd 3.7

Stíflustæði við Smalatjörn og skurðleið að Austara-Friðmundarvatni

ORKUSTOFNUN		
BLÖNDUVIRKJUN		
Staðsetningakort, snið B-B', K-K' og L-L' við Smalatjörn		
Kort OS 3653 blöð 10, 11 og 12		
79.08.28.	Ág.G./Bj./GSJ	F. 18626
	B-286	



Mynd IO

ORKUSTOFNUN
 BLÖNDUVIRKJUN
 Langsmíð jarðlaga eftir skurðleið
 frá Smalatjörn að Austara - Friðmundarvatni

79.01.26.
 Ág.G. / Ho.G/GSU
 B-286
 F. 18028

Sjá skýringar á mynd 3
 Sjá staðsetningar á reitum 3.11. og 3.12.

7 STÍFLUSTÆÐI VIÐ KOLKUHÓL


Við Kolkuhól voru sumarið 1982 boraðar 3 kjarnaholur á stíflustæðinu, sem þar er. Auk þess voru grafnar allmargar gryfjur með beltagrófu og með KOMATSU 85 E jarðýtu voru gerðar vinnsluprófanir, til könnunar á lausum jarðlögum.

Niðurstöðum kannana á lausum jarðlögum eru gerð skil á öðrum vettvangi og er aðeins vísað í það hér. (Bréf VST til Landsvirkjunar í des. 1982).

Kjarnaholur sem boraðar voru sumarið 1982 á stíflustæðinu voru felldar inn í viðeigandi jarðlagasnið (M-M) í skýrslu OS82090/VOD14 og jarðlagasniðin voru túlkuð með hliðsjón af niðurstöum borananna. Ekki voru landmælingar á þessum holum tiltækar fyrir útgáfu skýrslunnar þannig að staðsetningar þeirra eru ekki gefnar upp í fyrrnefndri skýrslu. Verður hér á eftir gefin lausleg lýsing á kjarnaholum sem boraðar voru á stíflustæðinu 1982 og eru staðsetningar þeirra sýndar á mynd 11 (reitur 3.26). Snið borholanna er á mynd 16 og í töflu 1 er gefin nákvæm staðsetning þeirra ásamt fleiru. Þver- og langsníð jarðlaga á stíflustæði og skurðleið við Kolkuhól eru sýnd á mynd 12 og er það óbreytt mynd frá skýrslu OS82090/VOD14.

Kjarnahola BV-28 er við loftborsholu L-30 í lægðinni, þar sem veituskurðurinn fer í gegnum stíflustæðið. Holan er 31 m djúp og er hún nær öll boruð í basalt. Undir 2 m þykkum lausum yfirborðslögum er basaltlag niður á 11 m dýpi og er meðallekt á þessum kafla um 40 LU. Á 11-14 m dýpi er millilag úr sandsteini. Neðan 14m dýpis er annað basaltlag, niður á 28 m dýpi, þar sem kargabelti skilur það frá öðru basaltlagi í botni holunnar. (Sjá borholusnið á mynd 16). Skurðborninn verður þarna í 460 m y.s., sem er við neðra borð efsta basaltlagsins á 11 m dýpi í holu BV-28.




Kjarnahola BV-29 er 29 m djúp og er hún á stíflustæðinu um 250 m norðan við ganganamannakofann. Holan var boruð til þess að kanna jarðlagaskipan á miðhluta stíflustæðisins. Nálega frá yfirborði, niður á 3,5 m dýpi er basaltlag en undir því er setlag úr sandsteini og jökulbergi sem nær niður á 12 m dýpi. Neðar eru tvö basaltlög, aðskilin með sandsteinslagi á 18-21 m dýpi. Lekt mældist nærri 100 LU ofan 6 m dýpis en neðar fór lektin minnkandi. (5 LU neðan 15 m dýpis). (Sjá borholusnið á mynd 16).



Sjá skýringar á mynd 3.7

Mynd II
Reitur 3.26.

ORKUSTOFNUN		
BLÖNDUVIRKJUN		
Staðsetningarkort, snið M-M', M ₂ -M ₂ ' og N-N' við Kalkuhól. Kort 3652 blöð 11 og 12		
79.08.28.	Ág.G/BJ/GSJ	F. 18627
	B-286	



BLÖNDUVIRKJUN

Þversnið jarðлага á stíflustæði við Kolkuhól og á skurðleiðum frá Kolkuflóa að Þrístiklu

Sjá skýringar á mynd 3
Sjá staðsetningar á reit 3.26.

Kjarnahola BV-30 er 35 m djúp og er hún 100 m sunnan við Kolkukvísl (sunnan við gangnamannakofann). Holan er öðrum þæði boruð til þess að kanna basaltlag, sem er þarna uppi undir yfirborði, með tilliti til notkunar þess í grjótvörn á stífluna. Frá 2 til 11 m dýpi í holunni er ólivínbasaltlag, sem álitid er að geti verið ágætlega heppilegt til grjótnáms. Yrði grjótnámið þá sunnan Kolkukvíslar og inni í lónstæðinu. Frá 11 til 17 m dýpis í holu BV-30 er setlag úr sandsteini og jökulbergi. Á 17-28 m dýpi er basaltlag og neðan 28 m er jökulberg niður í holubotn. (Sjá borholusnið á mynd 16).

8 STÍFLUSTÆÐI VIÐ REFTJARNABUNGU

Við Reftjarnabungu hefur stíflustæðið verið fært um 150 m norðar eða neðar með ánni en ráðgert var þegar fyrri skýrslur Orkustofnunar voru skrifaðar um þetta svæði (OS79024/ROD07 og OS82090/VOD14). Hér á eftir fylgir því þversnið jarðlaga á stíflustæðinu samkvmt núverandi tilhögun (sjá mynd 14).

Sumarið 1982 voru boraðar 4 kjarnaholur á stíflustæðinu auk nokkurra hljóðhraðamælinga. Þrjár kjarnaholanna (BV-23, BV-23A og BV-25) voru boraðar austan Blöndu, þar sem gert hefur verið ráð fyrir botnrásargöngum, sem vatnið yrði leitt um á byggingartíma stíflunnar. Fjórir holan BV-31 var boruð í miðjum stífluásnum á vesturbakka Blöndu, þar sem einnig kemur til greina að gera botnrásarkurð. Sjá staðsetningar holanna á mynd 13 (Reitur 3.28).

8.1 Botnrásargöng í Reftjarnabungu, austan Blöndu

Kjarnahola BV-23 var boruð nállega á þeim stað sem botnrásargöngin myndu skera ás stíflunnar. Í efstu 7 m holunnar var borað í gegnum lausan illa samlímdan jökulruðning. Á 9 m dýpi fékkst heillegur kjarni og niður á 21 metra náði hart jökulberg. Frá 21 til 38 m dýpis var borað í gegnum basaltlag en í holubotni á 39,5 m dýpi var líklega komið gegnum basaltið en þarna varð algjört kjarnatap.

Lektarprófanir í holunni misheppnuðust og því var hola BV-23A boruð í um 3 m fjarlægð frá fyrrnefndri holu. Kjarnahola BV-23A er 22,5 m djúp og hefur hún nákvæmlega sömu jarðlagaskipan og hola BV-23.

Frá yfirborði, niður á 12 m dýp mældist lektin 20-60 LU. Á 12-19 m dýpi lak næstum ekki neitt en á 19-22,5 m dýpi mældist lektin 16 LU. (Sjá borholusnið kjarnahola BV-23 og 23A á mynd 15).


BLÖNDUVIRKJUN

Stíflustæði við Reftjarnabungu

Yfirlits- og jarðfræðikort


SKÝRINGAR:

- R R' Þversnið jarðlaga
- Óljós brotalína
- Þóleiit-basalt
- Dílabasalt (≥ 5% plag.dil.)
- Jökulberg
- Jarðlagasnið
Lengd m
- BV-18 Kjarnahola
- AI H-19 Hljóðhraðamæling






BLÖNDUVIRKJUN

Sniðin eru yfirhækkuð 2x



Sjá staðsetningar á mynd



SKÝRINGAR:

- | | | | | | |
|--|-------------------------------------|--|-------------------------------|--|------------------|
| | Laus veðruð jarðlög | | Setlög úr sandsteini og silti | | Lofthorshola |
| | Ósamlímdur og lítið saml. jökulruð. | | Póleiit basalt | | Hljóðhraðamæling |
| | Harðnað jökulberg | | Kjarnahola | | Jarðvatnsstaða |

Kjarnahola BV-25 var boruð um 60 m VMV við holu BV-23, nærri norðurenda fyrirhugaðara frárennslisganga. Jarðlagaskipan í holunni er sem hér segir: Frá yfirborði og niður á 13 m dýpi er jökulruðningur, sem harðnar og verður að jökulbergi á 6 m dýpi. Frá 13 m og niður á 29 m dýpi er basaltlag, sama lagið og minnst var á í kjarnaholu BV-23. Undir basaltlaginu er lagskipt setlag úr rauðum sandsteini en neðar í laginu er liðlega eins meters þykkt jökulbergslag. Þetta setlag er gott leiðarlag og hefur það fundist í borholum beggja vegna árinna. Hæð setlagsins yfir sjó í borholum á svæðinu bendir til þess að misgengi sé eftir farvegi Blöndu á stíflustæðinu, á milli austur og vesturbakkans. Neðan 36,5 m dýpis í holu BV-25 tekur við basaltlag 7 m þykkt og neðan 43 m dýpis er jökulbergslag sem nær niður í holubotn á 48 m dýpi.

Fyrirhugað hefur verið að gera botnrásargöngin í um 438-446 m y.s en það svarar til 20-28 m dýpis í holu BV-23 og til 10-18 m dýpis í holu BV-25. Yrði þá loft ganganna og efsti hluti veggja, neðst í efra jökulbergslaginu en mestur hluti veggja og gólf í basaltlaginu sem er þar umdir. Gera má ráð fyrir að þessi lýsing eigi við endilöng göngin sem verða um 250 m löng auk djúpra skurða við báða gangaenda.

8.2 Botnrásarskurður og bergþétting á vesturbakka Blöndu

Í stað þess að gera botnrásargöng austan Blöndu, er mögulegt að gera botnrásarskurð vestan árinna. Þar hagar svo til að vestan við árbakkann sem er 12-14 m há, er sléttlendi og yrði skurðurinn sprengdur niður í sveig vestur í sléttuna. Er þá áætlað að skurðurinn yrði um 350 m langur og 12-14 m djúpur.

Á mynd 14 er sýnt langsnið jarðlaga eftir skurðleiðinni en á mynd 13 er sýnd lega skurðarins og staðsetning borhola.

Á yfirborði er móajarðvegur um 2 m þykkur. Undir er um 8 m þykkt basaltlag, mjög heillegt. Neðan við basaltið tekur síðan við um 15 m þykkt jökulbergslag sem Blanda rennur eftir og nær lagið 1-2 m upp fyrir árborðið vestan ár. Skurðbotninn lægi þá í gegnum basaltlagið og e.t.v. 2-3 metra niður í jökulbergið. Næstum fullvíst má telja að þessi jarðlagaskipan sé óbreytt eftir allri skurðleiðinni.

Kjarnahola BV-31 var boruð á vesturbakka Blöndu nálægt miðlínu fyrirhugaðrar stíflu. Holan var fyrst og fremst boruð vegna lektarprófunar á jarðlögum vegna þess að þarna stóð til að gera þéttitilraunir með grautun. Áður en borun hófst var jarðvegur (1,5-2 m þykkur) hreinsaður ofan af borstæðinu.

Lýsing jarðlaga í holunni er eftirfarandi: Frá yfirborði niður á 8 m dýpi er basalt, sprungið næst yfirborði en þétt neðar. Á 9 m dýpi tekur við jökulberg niður á 23 m dýpi. Þaðan og niður á holubotn á 29 m dýpi er basalt.

Næst yfirborði lak bergið talsvert (lekt 100 LU) enda er yfirborð klapparinnar talsvert sprungið. Á 2,5-10 m dýpi mældist lektin 20-40 LU en neðan 10 m dýpis virtist draga mjög úr lekt og frá 10-29 m dýpis mældist lektin minna en 10 LU. Í holu BV-05 (sem er um 150 m sunnan við holu BV-31), virtist vera mikill leki nálægt mótum jökulbergsins og basaltsins á 25 m dýpi en ekki kom fram leki við þessi lagamót í holu BV-31.




Net af holum var borað með loftbor í klöppina til þess að dæla sementsgraut niður í bergið til þéttingar. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen sá um þær framkvæmdir og vísast til þeirra varðandi grautunartilraunirnar.

8.3 Sprungumælingar í jökulbergslagi við Sandá

Við Sandá, sem er líðlega 2 km sunnan við stíflustæðið við Reftjarnabungu, voru skoðaðar sprungur sem skera jökulbergslag sem er í farvegi Sandár. Líklegt er að svipaðar, eða samskonar sprungur leynist í jökulbergslögum á stíflustæðunum við Reftjarnabungu og Kolkuhól.

Flestar sprungnanna virtust vera lokaðar og allt að því samgrónar en af 55 sprungum sem voru skoðaðar, voru a.m.k. 5 þeirra opnar, 10 til 20 cm og þá leirfylltar. Þessar síðastnefndu sprungur litu út fyrir að geta verið mögulegar lekaleiðir ef þær lægu undir stíflu.


Aðalsprungustefnan er í norður til norð-norðvestur eða 33 sprungur á gráðubílinu 335-355 og auk þess 8 sprungur á gráðubílinu 355-5. Afgangurinn af sprungunum dreifðist á norðvestlægar stefnur.




SKÝRINGAR / LEGEND

- Basalt
- Jökulröðingur / Till
- Jökulberg / Tillite
- Sandsteinn / Sandstone
- Laust yfirborð / Loose overburden
- Völuberg / Conglomerate
- Breksia / Breccia
- Þétt segulstefna / Normal geomagnetism
- Óflug segulstefna / Reversed " " "


Elevation	HÆÐ	GREINING	CLASSIFICATION	Kjarni/Core %	ROD	GVB	LEKT
							PERME- ABILITY
							LU




Elevation	HÆÐ	GREINING	CLASSIFICATION	Kjarni/Core %	ROD	GVB	LEKT
							PERME- ABILITY
							LU



Elevation	HÆÐ	GREINING	CLASSIFICATION	Kjarni/Core %	ROD	GVB	LEKT
							PERME- ABILITY
							LU




Elevation	HÆÐ	GREINING	CLASSIFICATION	Kjarni/Core %	ROD	GVB	LEKT
							PERME- ABILITY
							LU




Mynd 16

